

Lífeyrissjóðir á traustum grunni

Eftir Arnar Sigurmundsson

NOKKUR umræða hefur orðið í fjölmiðlum um þingsályktunartillögu þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram 11. júní sl. um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála. Einkum hefur umræðan snúist um þann þátt sem varðar



Arnar Sigurmundsson

skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna. Þar er lagt til að skoðað verði í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að gera kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna til að afla ríkissjóði frekari tekna. Þannig verði inngreiðslur í lífeyrissjóð skattlagðar í stað útgreiðslna eins og nú er. Þessi aðgerð er sögð geta aflað ríkissjóði allt að 40 milljarða kr. viðbótar tekna á ári, án þess að skerða ráðstöfunartekjur launþega og eftirlaunaþega. Í stöðugleikasáttmála nær allra aðila á vinnumarkaði og stjórnvalda sem lokið var við 25. júní sl. er ekki tekið undir þau sjónarmið í tillögunni að skattleggja lífeyrissjóðsiðgjöldin í stað útgreiðslna.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að mismunandi háttur er hafður á skattlagningu lífeyrissjóða í nágrannalöndunum. Þannig séu fjármagnstekjur og útgreiðslur skattlagðar í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð en eingöngu útgreiðslur í Noregi og hér á landi. Með því að skattleggja inngreiðslur í stað útgreiðslna megi auka tekjur ríkissjóðs mikið. Fullyrt er í greinargerðinni að ráðstöfunartekjur launþega og eftirlaunaþega skerðist ekki á nokkurn hátt við þessa kerfisbreytingu.

Hvað framkvæmdina varðar er vikið að því að lífeyrissjóðirnir myndu t.d. stofna tvær deildir. Í annarri yrðu inngreiðslur skattlagðar en hinn útgreiðslur. Gömlu deildinni yrði lokað við breytinguna – hún tæki ekki við frekari inngreiðslum. Nýja deildin myndi síðan taka yfir þá gömlu með tímanum.

Gert er ráð fyrir því að við kerfisbreytinguna muni tekjustreymi ríkissjóðs samstundis aukast um 40 milljarða.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa farið yfir þessar tillögur þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Umræða um málið fer nú fram á Alþingi, en LL settu fram eftirfarandi skoðanir í umsögn sinni til efnahags- og skattanefndar Alþingis í síðustu viku:

- Megineinkenni og styrkur núverandi íslenska lífeyris-

sjóðakerfisins er að hver kynslóð stendur undir sínum lífeyri með sparnaði enveltir ekki kostnaðinum yfir á næstu kynslóðir eins og flestar þjóðir gera í mjög ríkum mæli.

- Íslenska lífeyriskerfið sem byggist á sjóðsöfnun mun, ef það fær að búa við viðunandi starfsskilyrði, leiða til samkeppnishæfara atvinnulífs í framtíðinni, og þar með betri lífskjara. Það byggist m.a. á því að íslensk fyrirtæki muni ekki þurfa að afla verðmæta til að standa undir tröllvöxnum kostnaði vegna stóruáskinnar lífeyrisbyrðar sem mun óhjákvæmilega fylgja öldrun þjóða á Vesturlöndum, þ.m.t. á Íslandi. Þar sem það tekur áratugi að byggja upp sjóðsmyndað lífeyriskerfi er brýnt að hafa í huga að hverskyns breytingar á grundvallarforsendum þess, jafnvel þó þær séu hugsaðar til fárra ára, geta haft veruleg áhrif yfir mun lengri tíma.
- Tilfærslur og hvers kyns róttækar breytingar á lífeyrissjóðakerfinu eru mjög til þess fallnar að veikja tiltrú almennings.
- Ef skattfrelsmörk iðgjalda miðust við sömu laun og skattfrelsmörk eru nú, gætu greiðslur til lífeyrisþega eftir skatt þurft að skerðast um allt að 15%. Til að halda greiðslum til lífeyrisþega óbreyttum þyrftu skattfrelsmörk iðgjalda að miðast við töluvert hærra laun, þar sem lífeyrissjóðsgreiðslur eru yfirleitt um 50-60% af þeim launagreiðslum sem iðgjöld hafa verið greidd af, miðað við 40 ára inngreiðslutíma. Er því stór hluti lífeyrisþega undir skattfrelsmörkum í núverandi kerfi.

» Meginkostur varðandi samræmda beitingu skattareglna á þessu sviði innan ESB er sá að hún auðveldar flutning launþega milli landa innan EES-svæðisins, þar sem hún kemur í veg fyrir tvískattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna ...

Þetta þýðir í framkvæmd að ríkið þarf að greiða sjóðfélaga út þann ónýtta persónuafslátt sem hann hefði annars nýtt hefði skattur verið dreginn af lífeyrissjóðslunum við útgreiðslu.

- Ráðstöfunartekjur lífeyrissjóða munu minnka. Þeir verða því ekki jafn vel í stakk búnir til að fjármagna nýsköpun í atvinnulífnum, mæta fjárförum ríkis og sveitarfélaga sem og að taka þátt í endurreisn fjármálamarkaða þegar fram líða stundir.
- Meginreglan um skattlagningu Evrópusambandsins er að enginn skattur er á iðgjöldum og fjármagnstekjum lífeyrissjóða en lífeyrir er hins vegar skattskyldur. Framkvæmdastjórn ESB hefur mælt eindregið með að sú leið verði almennt viðhöfð í aðildarríkjunum og m.a. sett þá skoðun fram með ítarlegum rökstuðningi í svokölluðum „Communication paper“: (COM-2001-214). Meginkostur varðandi samræmda beitingu skattareglna á þessu sviði innan ESB er sá að hún auðveldar flutning launþega milli landa innan EES-svæðisins, þar sem hún kemur í veg fyrir tvískattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna eða að lífeyrir sé greiddur út óskattlagður.

Með hliðsjón af ofanrituðu telja Landssamtök lífeyrissjóða þessar tillögur þingmanna Sjálfstæðisflokksins um skattlagningu lífeyrisiðgjalda síst til bóta, sem þátt í endurreisn atvinnulífsins.

Höfundur er formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða.

